

Akureyri:

Sjallinn leigður

Samkvæmt áreiðanlegum Scheimildum Dags mun nýr aðili innan skamms tíma taka við hluta reksturs hins landsfræga skemmtistaðar Sjallans á Akureyri, þ.e. leigi hluta af rekstrinum af þeim sem undanfarið hafa haldið þar um stjórnartaumana.

Þórhallur Arnórsson mun ætla að taka á leigu Góða dátann og aðalsalinn og jafnvel allt saman þegar fram líða stundir. Þórhallur var lengi þjónn á Hótel KEA og á og rekur Listhúsið Þing á Akureyri. HA

Akureyri:

Níu árekstrar í umferðinni

– sjúkrabíll sótti mann til Grenivíkur

Níu bifreiðaárekstrar urðu í Numferðinni á Akureyri um helgina og varð minni háttar slys á fólki í tveimur þeirra. Þrjár voru hins vegar fluttir á sjúkrahús eftir árekstur á gatnamótum Bugðusiðu og Kjalarsíðu um klukkan 18.00 á sunnudag en þar eru miklir snjóruðningar sem taldir eru eiga sinn þátt í því óhappi sem og fleirum óhöppum um þessa helgi.

Drengur undir lögaldri, þ.e. yngri en 15 ára og þar með réttindalaus, slasaðist á vélsleða upp við Réttarhvam er vélsleðinn lenti ofan í gjótu og fékk drengurinn sledann á sig eftir að hafa fyrst spýst af honum. Vélsleðinn var bæði óskráður og ótrygður.

Mikil örtröð var á veitingastöðum á Akureyri um helgina, en því fylgdu engar óspektir.

Sjúkrabíll sótti mann til Grenivíkur á sunnudeginum og flutti hann á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, en hann hafði dottið á skíðum og lék grunur á að hann væri fótbotinn.

Á sunnudagsmorgun ók bifreið út af í Ólafsfjarðarmúla við Ríp, skammt sunnan við Saurakot í mikilli hálfu. Bifreiðin valt ekki og skemmdist lítið. Bílstjóri og farþegi gengu þrígga km leið út í Ólafsfjarðargöng þar sem þeir gátu látið vita af sér í síma. GG



Erlingur Kristjánsson og Sigmar Þróstur Óskarsson hefja bikarinn á loft við mikinn fögnuð. Á milli þeirra stendur Jakob Björnsson, bæjarstjóri Akureyrar, sem sá um að afhenda bikarinn. Mynd: SH

Handknattleikur:

Bikarinn til Akureyrar

– bestu stuðningsmenn landsins áttu sigurinn skilinn

KA varð bikarmeistari í handknattleik í fyrsta sinn á laugardaginn þegar liðið lagði Val að velli í leik sem lengi verður í minnum hafður. Spannan var gífurleg og sennilega hefur aldrei verið eins hart bitist um bikarinn. Í tvígang þurfti að framlengja leikinn en þegar upp var staðið höfðu KA-menn betur, 27:26.

Það dylst engum sem fylgdist

með leiknum í Laugardalshöllinni að stuðningsmenn KA áttu stóran þátt í sigrinum. Mikil fjölmenni fylgdi liðinu frá Akureyri og Valsmenn voru ekki bara sigraðir inni á vellinum heldur utan hans líka þar sem gulklæddir stuðningsmenn gáfust aldrei upp frekar en leikmennirnir.

Frábær tilfinning

„Að sjálfsgöðu átti ég von á

þessu. Ég var aðeins búinn að æfa mig að lyfta bikarum en það var vissulega frábær tilfinning að taka við honum. Þeir voru í erfiðleikum allan tímann og við vorum nánast búnir að vinna í tvígang. Það kom því ekki til greina að fara að láta þá taka sigurinn í þriðju tilraun. Við áttum skilið að vinna, engin spurning og ég á greinilega mörg ár eftir í Evrópukeppni,“ sagði Erlingur Kristjánsson, fyrir-

liði KA eftir leikinn. Erlingur er ekki óvanur að lyfta bikurum fyrir KA en hann var einmitt fyrirliði knattspyrnuliðs félagsins sem varð Íslandsmeistari árið 1989 og slíkt hafa fáir leikið eftir.

Gat alltaf skroppið frá

„Þetta var glæsilegur endir. Þetta var alveg stórkostlegt og mjög gaman. Ég hef reyndar ekki verið viðstaddur svona leik áður og það var rosalega erfitt að horfa á þetta á köflum en ég var í svo góðri aðstöðu að ég gat alltaf skroppið frá og það var alveg nauðsynlegt á köflum,“ sagði Jakob Björnsson, bæjarstjóri Akureyrar eftir leikinn. Jakob afhenti KA-mönnum bikarinn í leiklok og það var ekki það eina sem hann lét af hendi. „Um leið og þeir fengu bikarinn afhenti ég þeim kveðju frá bæjarstjórn Akureyrar og henni fylgdi peningaupphæð sem vonandi kemur sér vel,“ sagði Jakob, sem segir þennan sigur hafa mikla þýðingu fyrir Akureyrarbæ. „Þessi sigur ber vitni um þá grósku sem er í íþróttastarfinu og sýnir að við hljótum að vera með aðstöðu sem er sambærileg og hjá öðrum. Vonandi verður þetta hvatning fyrir annað íþrótt- og áskulýðsstarf sem er mjög mikilvægt.“ Nánar er fjallað um leikinn á íþróttasíðum. SH

Sameiginlegur stjórnarfundur Fiskiðju Raufarhafnar hf., Jökuls hf. og Geflu hf.:

Fá meiri slagkraft sameinuð

Stjórnir Jökuls hf. og Fiskiðju Raufarhafnar hf. á Raufarhöfn og rækjverksmiðjunnar Geflu hf. á Kópaskeri héldu sameiginlegan stjórnarfund sl. laugardag þar sem rædd voru ýmiss mál sem varða framtíð þessara fyrirtækja, m.a. hugsanlega sameiningu þeirra. Hæst bar útgerðarmálin, vinnslumálin og sölumálin auk innra skipulags fyrirtækjanna.

Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri á Raufarhöfn, sem jafnframt er stjórnarformaður Jökuls hf., segir kostina við sameiningu fyrst og fremst þá að allt stjórn-

kerfi fyrirtækjanna verður miklu markvissara og einfaldara, og fyrirtækin fá meiri slagkraft sé þau sameinuð heldur en í þrennu lagi og raunar hjá fjórum fyrirtækjum því stofnað var sérstakt fyrirtæki, Atlanúpur hf., um kaupin á línuveidiskipinu Ásgeiri Guðmundssyni, sem keyptur var nýlega frá Hornafirði til Raufarhafnar.

„Innri skipulagning á störfum, samnýting á skrifstofu og meiri sérhæfing á starfsfólki verður mun auðveldari og tengsl milli fyrirtækjanna. Það verður auðveldara að færa kvóta milli skipa þegar um eitt fyrirtæki er að ræða heldur en þegar fyrirtækin eru undir sitt

hvoru nafnnúmerinu. Hjá stjórnarmönnum Geflu hf. er viss ótti til staðar um það ef fyrirtækið sameinist Jökli hf. og Fiskiðju Raufarhafnar hf. þá mundi aukast líkur á því að löndunarskyldan á innfjarðarrækjunni úr Óxarfirði hyrfi að einhverju leyti frá Kópaskeri til Raufarhafnar.

Sölumál verða einnig auðveldari og auðveldara verður að ná í auknið hlutafé í eitt fyrirtæki en fleiri smærri, og við stefnum að því innan tiltölulega fárra ára að skrá fyrirtækin á Verðbæfapingi og ná þannig í áhættufé utan að frá og er sameining forsenda þess, þ.e. að hafa fyrirtækin undir ein-

um hatti og nafni.

Niðurstaða fundarins var sú að skoðað verður til hlítar hvaða kostir eru samfara sameiningu, bæði hvað varðar innra skipulag og hvort það auðveldar að fá fjármagn inn í fyrirtækin með þessum hætti,“ sagði Gunnlaugur A. Júlíusson.

Á hlutahafafundum og aðalfundum félaganna sem eru framundan verður endanleg ákvörðun tekin. Jökull hf. er meirihlutaeigandi í Geflu hf. og Raufarhafnarhreppur á 90% í Jökli hf. Jökull hf. á 60% í Fiskiðju Raufarhafnar hf. á móti 40% Raufarhafnarhrepps. GG

ÍÞRÓTTIR

KA bikarmeistari í handknattleik 1995:

Stórkostlegur leikur

– taumlaus gleði KA-manna í leikslok

Undirritaður hefur aldrei orðið vitni að leik eins og úrslitaleik KA og Vals í bikarkeppni HSÍ og Umferðarráðs sem fram fór á laugar- dag. Jafnt var eftir venjulegan leiktíma, 20:20, og KA fékk möguleika á að skora úr vítakasti þegar leiktíminn var liðinn en Guðmundur Hrafnkelsson varði. Framlengja þurfti því leikinn um tvisvar sinnum fimm mínútur og KA náði þriggja marka forystu. A ótrúlegan hátt tókst Valsmönnum að jafna og því þurfti að fram- lengja á ný um tvisvar sinnum fimm mínútur. Í fyrri hálfleik þeirrar skoruðu KA-menn þrjú mörk og Valsmenn tvö og þar við sat. KA var orðið bikarmeistari í fyrsta sinn og Erlingur Kristjánsson tók við bikarnum úr höndum Jakobs Björnssonar, bæjarstjórans á Akureyri.

Allt lið KA lék vel, vörnin frá- bærlega á köflum og sóknin var spiluð af festu og aga. Alfred Gíslason, Valdimar Grímsson og Patrekur Jóhannesson léku mjög vel og Sigmar Þröstur Óskarsson var hreint út sagt stórkostlegur. Hann varði 25 skot og þar af 4 víti. Guðmundur Hrafnkelsson lék best Valsara. Griðarleg stemning var í Laugar- dalshöll og sannaðist það enn að KA á frábæra stuðningsmenn.

KA byrjaði betur

KA byrjaði afar illa í bikarleiknum fyrir ári síðan þegar liðið lék við FH og það var ljóst að sá leikur átti ekki að endurtaka sig nú. KA byrjaði af gríðarlegum krafti, lék frábæra vörn og einbeitta og agaða sókn. Alfred Gíslason fór fyrir sínum mönnum og liðið hafði náð þriggja marka forystu þegar 10 mínútur voru liðnar af leiknum, 5:2. Áfram var barist og þegar hálf níunda mínúta var eftir af hálfleiknum hafði KA yfir 10:5.

Valsmenn eru þekktir fyrir allt annað en að gefa sitt eftir þraut- laust og þeir söxuðu á forskotið af mikilli seiglu. Þeir gengu á lagið þegar KA missti Erling og Patrek út af í tvær mínútur þegar þrjár til fjór-



Bikarmeistarar karla í handknattleik 1995, KA-menn. Kampakátir með sigurlaunin í leikslok.

Mynd: SH

ar mínútur voru til leikhlés. Sigmar varði víti í stöðunni 12:8 en Valur minnkaði muninn í tvö mörk fyrir leikhlé, 12:10.

Guðmundur Hrafnkelsson var bestur Valsara í fyrri hálfleik en hann varði 9 skot og þar af 1 víti fyrir hlé. Hinu megin á vellið var ekki síðri markvörður og Sigmar Þröstur varði 8 skot og þar af tvö víti. Alfred lék geysivel og gerði fjögur mörk af miklu harðfylgi.

Valsmenn jöfnuðu

Það tók Val fjórar mínútur að jafna leikinn í 12:12, KA gerði þá þrjú mörk í röð en aftur var orðið jafnt þegar um 10 mín. voru til leiksloka,

17:17. Jafnt var 18:18 og 19:19, KA missti mann út af í tvær mínútur þegar tæpar þrjár mínútur voru til leiksloka og fór þá um marga stuðningsmenn liðsins. Sigmar varði vítast en Dagur kom Val yfir þegar tæpar tvær mínútur voru til leiksloka. Patrekur jafnaði 20:20 þegar 55 sekúndur voru eftir. Valur fór í sókn og missti boltann, KA brunaði fram og sendi boltann í fang eins varamanna Vals. Valur brunaði fram í hraðaupppláup en Sigmar varði, Patrekur fékk boltann kastaði sér inn í teiginn, Guðmundur varði skot hans en vítast var dæmt. Valdimar Grímsson var ekki öf- undsverður af því hlutskipti að þurfa að taka vítakastið. Guðmundur varði og tryggði Valsmönnum framlengingu.

Patrekur gerði öll

Nú sögðu margir að Valur myndi taka bikarinn. Jón Kristjánsson gerði fyrsta markið í fyrri hálfleik framlengingar en Patrekur svaraði með tveimur fyrir hlé og KA ætlaði greinilega ekkert að gefa eftir. Þeir gulu byrjuðu með boltann eftir hlé og Patrekur gerði tvö mörk í röð án þess að Valur næði að svara. Skyndilega var KA komið með þriggja marka forystu og einungis tvær mínútur eftir. Enginn átti von á því ómögulega en það gerðist engu að síður. Valur sýndi styrk sinn og jafnaði með ótrúlegri seiglu. Þær örfáu sekúndur sem eftir lifðu af hálf- leiknum nægðu KA mönnum til þess að komast í gott færi en Guð-

mundur varði. Enn varð að fram- lengja, nú í stöðunni 24:24.

Betur má ef...

Nú sögðu hinir sömu og áður að nú myndu Valsara klára dæmið. Allir leikmenn KA virtust þó á öðru máli og það var augljóst á andliti hvers og eins þeirra að fyrst hingað væri komið fengi ekkert komið í veg fyrir að bikarinn færi í KA-húsið.

Patrekur hélt áfram fyrir iðju sinni og skoraði fyrir KA í upphafi seinni framlengingar. Sigmar varði vítast hinum megin og Valdimar skoraði aftur fyrir KA, þá Valgarð fyrir Val, Alfred fyrir KA og loks Jón fyrir Val áður en flautað var til leikhlés. Staðan var þá 27:26, KA í vil.

Sigmar varði skot Vals strax eftir leikhlé, Guðmundur varði hinu megin en Valur missti boltann. Þá varði Sigmar aftur, KA komst í sókn þegar innan við hálf mínúta var til leiksloka. Þegar fimmtán sekúndur voru eftir missti KA boltann og Valur brunaði fram. Vörnin varði veginn að markinu og KA er bikarmeistari í fyrsta sinn eftir hreint stórkostlegan leik.

Verðskuldaður sigur

Valur átti alltaf á brattan að sækja í leiknum og KA sýndi ótrúlegan styrk að brotna ekki við áföllin í þau tvö skipti sem bikarinn virtist í höfn. Það var stórkostlegt að fylgjast með Sigmari Þresti í þessum ham. Alfred sýndi enn einu

sinni hversu frábær leikmaður hann er. Hann hefur lítið getað leikið með liðinu í vetur vegna meiðsla og hefur því sjálfsgætt oft verið í betra leikformi. Hann lét það þó ekki aftra sér frá því að leika frábæra vörn og gera sex mjög góð mörk. Patrekur og Valdimar voru í mjög góðri gæslu allan tímann, spiluðu báðir frábæra vörn og Patrekur tók af skarið þegar á þurfti að halda í framlengingunni. Erlingur fyrirlíði var mjög öflugur í vörminni og var ógnandi í sókninni. Aðrir léku einnig vel og ungu strákarnir eiga heiður skilið fyrir yfirvegaðan og afslappaðan leik. Vörn norðan- manna var frábær.

Minnugustu menn muna ekki leik sem þennan og menn eru sam- mála um að hann hafi verið sigur fyrir handboltann. Verðskuldaður sigur KA gegn hinu frábæra og sig- ursæla liði Vals er staðreynd og brosið verður vart þurrkað af norð- anmönnum næstu vikurnar. SV

Mörk KA: Patrekur 11/2, Valdimar 8/4, Alfred 6, Leó Öm 2. Sigmar Þröstur varði 25/4 skot.

Mörk Vals: Dagur 6/1, Frosti 5 og Júlíus 4, Ingi Rafn, Jón og Valgarð 3, Geir og Sigfús 1 hvor. Guðmundur varði 18/3 skot.

Dómarar: Gunnar Kjartansson og Óli P. Olsen. Komust vel frá leiknum þrátt fyrir mikinn barning inni á vellið. Gerðu einstaka mistök en þau skiptust nokkuð jafnt á bæði lið.



Árni Stefánsson, liðsstjóri og Erlingur Kristjánsson, fyrirlíði fagna sigrinum að hætti KA-manna.

Mynd: SH

Það kemur hvergi betur í ljós en í íþróttunum hversu stutt er á milli sorgar og gleði. Á laugar-daginn gátu KA-menn glaðst yfir fyrsta bikarnum í handboltanum en Valsarar voru svekktir að horfa á eftir honum norður. Flestir voru á einu máli um að leikurinn hafi verið sigur fyrir handboltann, vel leikinn og skemmtilegur og úrslitin sanngjörn. Þetta höfðu leikmenn og forráðamenn félagana að segja í leiklok:

Allir spiluðu vel

Alfreð Gíslason, þjálfari KA: „Það var ekki hægt að hafa þetta betra. Ég er alveg rosalega stoltur af strákunum, liðið barðist sem einn maður og þótt sumir hafi spilað frábærlega þá spiluðu allir vel. Ég hafði allan tímann trú á að við gætum unnið hvað sem gekk á í leiknum. Ég var að spila minn besta leik í vetur enda reynt að byggja mig upp fyrir þennan leik með því að taka því rólega. Ég vil ekkert segja á þessari stundu um hvort ég held áfram að spila fyrst við erum komnir í Evrópukeppni en miðað við liðan mína núna þá finnst mér eins og ég eigi aldrei eftir að spila handbolta framár.“

Gunnarsson var fenginn til það að messa aðeins yfir okkur í hádeginu í dag og það hjálpaði mér mikið.“

Tekinn í gegn

Sigmar Þróstur Óskarsson KA: „Vörnin var rosalega góð og sóknin líka og þá kemur markvarslan. Ég einbeitti mér vel fyrir leikinn og náði að byrja vel. Við höfðum fulla trú á þessu frá byrjun eins og sést á því að við erum að vinna þá þrisvar í einum leik. Jóhann Ingi tók mig aðeins í gegn á fundinum í dag og ég var ákveðinn að reka af mér allar bollaleggingar um að ég væri ekki í þessu til þess að vinna titla. Við munum standa okkur vel í Evrópukeppninni. Er ekki mottóið, eitt sinn KA-maður, ávallt KA-maður“?

Sætara og sárara

Valdimar Grímsson KA: „Frá þeim degi að við komumst í úrslit hef ég verið ákveðinn í því að við myndum vinna. Við vorum fyrirfram litla liðið í þessu og því sparði maður yfirlýsingarnar. Ég var fyrst og fremst svekktur þegar ég



Eins og flestir bjuggust við var þetta leikur hinna sterku varna og ekki gefið þumlung eftir. Valur Arnarson fær hér óblíðar viðtökur frá Jóni Kristjánssyni og Valgarð Thoroddsen. Mynd: SI.

Alfreð Gíslason, þjálfari KA:

„Rosalega stoltur af strákunum“

– „lífið heldur áfram,“ segir Þorbjörn Jensson

Lífið heldur áfram

Þorbjörn Jensson, þjálfari Vals: „Við misstum þá of mikið fram úr okkur í byrjun og kannski það hafi gert útslagið. Maður er alltaf hundsvekktur þegar maður tapar en þetta eru hlutir sem reikna verður með. Tapið er staðreynd og við það lífi ég. Við erum enn inni í búrátunni um tvo titla og við mætum bara ákveðin til næsta leiks. Ég þekki vel tilfinninguna að vinna titil og maður er alltaf að reyna að dölást hana aftur og aftur. Engu að síður er ég viss um að sigurinn er sætari fyrir þá en okkur. Þetta er jú þeirra fyrsti bikar.“

Hárrétt ákvörðun

Patrekur Jóhannesson KA: „Þetta er minn fyrsti titill og ég er rosalega ánægður með að þetta skyldi ganga svona upp. Þetta er fyrsta árið mitt með nýju félagi og segir mér ekki neitt annað en það að ákvörðun mín um að skipta fyrir tímabilið hafi verið rétt. Ég var ánægður með eigin frammistöðu, stemningin í liðinu var frábær og menn voru virkilega að spila með KA-hjartanu. Jóhann Ingi

brenndi af vitanu örlagaríka en var staðráðinn í að bæta fyrir það. Þetta var sætt en alveg hryllilega erfitt. Það var í senn sætara og sárara það skyldi vera Valur sem við lögðum af velli.“

Barningur og spennu

Jón Kristjánsson Val: „Þetta var fyrst og fremst skemmtun fyrir áhorfendur, mikill barningur og spennu. Við áttum undir högg að sækja og mér fannst eins og þeir svartklæddu, eins og svo margir aðrir, væru búnir að ákveða að kominn væri tími á að bikarinn færi norður. Við vorum allan tímann að bita úr nálinni með það, t.d. varðandi brottrekstra í tíma og ótíma. Sigur KA var verðskuldaður í lokin og þeir léku vel.“

Sætur sigur

Þorvaldur Þorvaldsson, formaður KA, með bikarinn í hendinni: „Tilfinningin að halda á gripnum er alveg ótrúleg. Ég vissi að þetta yrði rosalega erfitt en var bjartsýnn á að þetta myndi ganga.



Alfreð Gíslason dreif sína menn áfram þegar þörfin var mest og hann kann að fagna. Mynd: SH.



Leó Örn Þorleifsson lék mjög vel á línunni og hélt Geir Sveinssyni í skugga sínum. Mynd: SH.

Strákarnir stóðu sig frábærlega og ég á eiginlega ekki til orð til að lýsa liðan minni eins og er. Þetta

var fyrst og fremst sætur sigur eftir tapið í fótboltanum um árið.“

Sigur Sigmars

Brynjar Harðarson, formaður Vals: „Maður er alltaf svekktur þegar maður tapar en leikurinn var stórkostlegur og það var gaman að sjá þessa tæru gleði KA-manna. Leikurinn var fyrst og fremst sigur Sigmars Þrastar. Hann varði hreint stórkostlega og markvarsla hans réð úrslitum í leiknum og ekkert annað.“

Byrjunin gerði útslagið

Geir Sveinsson, fyrirlíði Vals: „Maður er alltaf svekktur að tapa úrslitaleik og ég neita því ekkert að eftir að Gummi varði vítið í lok leiksins og eftir að við unnum upp forskot þeirra í fyrri framlengingunni fannst mér eins og forlögim væru að segja okkur að við ætjum að vinna leikinn. Það sem kannski má segja að hafi gert útslagið voru fyrstu fimmtán mínúturnar. Ég átti von á leik af þessu tagi, þó ekki tveimur framlengingum, og óska KA til hamingju með sigur sem þeir áttu skilið.“ SV



Stuðningsmenn KA-liðsins voru fjölmargir og létu vel í sér heyra. Hér eru nokkrir af þeim dyggustu stríðsbúna. Mynd: SH.



Valdimar Grímsson fór oft illa með sína gömlu félagi þrátt fyrir að þeir hafi tekið fast á honum. Mynd: SH.